



3. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2020, MIÐVIKUDAGINN 23. SEPTEMBER KL. 11:15

Fundurinn var fjarfundur á Zoom

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Samþykkt var að tveir nemendur fái að taka stöðupróf í dönsku.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Nemendafélagið býið að panta grímur merktar NFFG. Þær eru samkvæmt réttum stöðlum og umhverfisvænni en pappírgrímurnar. Heimasíða tilbúin, NFFG.is, en appið verður tilbúið á föstudag. Eitthvert uppbrot verður í næstu viku til að tilkynna það. Nýjasta dagsetningin fyrir FG-Flensborgardaginn er 16. október. Könnun um líðan nemenda skilaði 160 svörum. Á eftir að vinna úr niðurstöðum. Fróðlegt verður að sjá niðurstöður í heild sinni.

Hugmynd frá nemendum: hafa skráningarsmiðjur þ.e. geta sótt um að fá að koma í smiðju og fá aðstoð við námið.

Stór hluti náms í fjarnámi þessa viku og næstu en reynum svo að komast aftur inn í skólann. Enginn smitaður af Covid-19 svo vitað sé í FG.

3. Önnur mál

Nemendur haga sér vel innan skólans, nota grímur o.s.frv.

Samþykkt breyting á skólasóknarreglum, sem lögð var fyrir síðasta fund, hvað varðar einkunn fyrir skólasókn hjá nemendum með langtímavottorð.

Hugmynd frá forvarnafulltrúa að fyrirlestri á netinu fyrir nemendur og foreldra. Heilsunefndin finnur einhvern áhugaverðan fyrirlesara.

Senda póst á nemendur um að leita sér aðstoðar ef þeir þurfa, hægt að fá lánaðar tölvur á bókasafninu.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Halldóra Björg Einarsdóttir fjármálastjóri NFFG

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara